

Franz Schubert

Oktett

D 803 – op. post. 166

Gruppo Atlantico

Sigurlaug Eðvaldsdóttir fiðla
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla
Guðrún Þórarinsdóttir víóla
Þórir Jóhannsson bassi
Sigurgeir Agnarsson selló
Rúnar Óskarsson klarinett
Darren Stonham fagott
Emil Friðfinnsson horn

Frans Schubert

Oktett in F

- i* Adagio - Allegro
- ii* Adagio
- iii* Allegro vivace (Scherzo)
- iv* Andante
- v* Menuetto. Allegretto
- vi* Andante molto - Allegro

Frans Schubert samdi *Oktett in F* árið 1824 að beiðni Ferdinands greifa af Troyer sem var liðtækur klarinettuleikari. Ferdinand mun hafa haft *Septett* frá 1799 eftir Beethoven í huga er hann pantaði oktettinn enda er margt líkt með þessum verkum. Þau eru bæði samin í b tóntegundum, eru í sex köflum þar sem upphafs og endakaflar hefjast með hægum inngangi. Niðurröðun kaflanna er eins nema að scherzo og menuett köflum er víxlað. Hljóðfæraskipan er sú sama nema Schubert bætti við fiðlu og var þar með kominn með strengjakvintett eins og í sínfóníu. Í bréfi til vinar síns skrifar Schubert, að með oktettinum sé hann að undirbúa að semja sínfóníu. Hvort hann á við sérstaka sínfóníu eða sínfóníuform almennt er ekki ljóst.

Þó hér sé um að ræða frábæra kammertónlist má heyra einstaka staði sem bera sínfóníuhljóm. Fjórði kaflinn er tilbrigði við stef Schuberts úr óperu sinni *Die Freunde von Salamanca*.